

Símenntunarmiðstöð Þjóðar ses

Ársreikningur 2017

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	3
Áritun endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Sjóðstreymi	8
Skýringar	9 - 11

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar ses

Pórstíg 4, Akureyri

Kennitala 660900-2090

Skýrsla stjórnar

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignarstofnun sem starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Meginstarfsemi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar er rekstur endurmenntunarmiðstöðvar í Eyjafirði.

Rekstrartekjur stofnunarinnar á árinu 2017 námu kr. 229,2 millj. en voru kr. 217,3 millj. árið 2016 og hafa hækkað um 5,5% á milli ára. Hagnaður ársins nam kr. 9,0 millj. í samanburði við kr. 3,9 millj. hagnað árið 2016. Heildareignir námu í árslok kr. 134,1 millj. og eigið fé var kr. 101,9 millj.

Gert er ráð fyrir að rekstur stofnunarinnar verði með svipuðu móti á árinu 2018 eins og hann var á árinu 2017.

Það er álit stjórnar stofnunarinnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrararárangri ársins og fjárhagslegri þróun stofnunarinnar, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2017 með áritun sinni.

Akureyri, 11. apríl 2018

Stjórn:

Jón Valdís Þórðarson

Framkvæmdastjóri:

Jóhann Þorsteinsson

Hlynur Þorsteinsson
Anna Júlíusdóttir

Anna Þórhalla Björnsdóttir, formatur

Einar Ólafsson

Ingimundur Þórhall

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar ses. fyrir árið 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarrekning, efnahagsrekning, sjóðstremmisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2017, efnahag hennar 31. desember 2017 og breytingu á handbæru fé á árinu 2017, í samræmi við lög um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar ses. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Símenntunarmiðstöðvar Eyjafjarðar ses. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvara lausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.

Áritun óháðs endurskoðanda

Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Akureyri, 11. apríl 2018

Enor ehf.



Davíð Búi Halldórsson
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrartekjur			
Tekjur vegna rekstrarsamninga		35.975.000	34.700.000
Námskeiðstekjur		150.403.355	137.546.721
Verkefnatekjur		34.398.440	37.176.400
Aðrar rekstrartekjur		8.433.702	7.904.330
		<hr/> 229.210.497	<hr/> 217.327.451
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	3	89.250.104	83.754.145
Námskeiðskostnaður		78.239.960	72.797.588
Verkefnakostnaður		4.255.513	9.604.802
Annar rekstrarkostnaður		47.018.910	46.044.313
Afskriftir	4	4.448.064	4.226.059
		<hr/> 223.212.552	<hr/> 216.426.907
Rekstrarhagnaður		5.997.945	900.544
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		2.945.739	3.119.355
Vaxtagjöld		(2.848)	(81.818)
Aðrar fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		19.419	(72.045)
		<hr/> 2.962.310	<hr/> 2.965.492
Hagnaður ársins		8.960.255	3.866.036

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

Eignir	Skýr.	31.12.2017	31.12.2016
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	4		
Innréttigar		7.187.756	9.557.211
Áhöld og tæki		3.382.622	4.068.040
		<u>10.570.378</u>	<u>13.625.251</u>
Fastafjármunir samtals		10.570.378	13.625.251
Veltufjármunir			
Viðskiptakrörur	5	14.099.409	14.065.697
Handbært fé		109.381.605	92.174.979
		<u>123.481.014</u>	<u>106.240.676</u>
Eignir samtals		134.051.392	119.865.927
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	6		
Stofnfé		2.247.899	2.209.672
Óráðstafað eigið fé		99.692.490	90.770.462
		<u>101.940.389</u>	<u>92.980.134</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir		4.368.394	6.981.569
Aðrar skammtímaskuldir		16.487.409	14.085.002
Fyrirfram innheimtar tekjur		11.255.200	5.819.222
		<u>32.111.003</u>	<u>26.885.793</u>
Skuldir samtals		32.111.003	26.885.793
Eigið fé og skuldir samtals		134.051.392	119.865.927
Aðrar upplýsingar	7		

Sjóðstreymi ársins 2017

	Skýr.	2017	2016
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Hagnaður (tap) ársins		8.960.255	3.866.036
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	4	4.448.064	4.226.059
Aðrir liðir		0	0
		<u>13.408.319</u>	<u>8.092.095</u>
Lækkun (hækkun) rekstrarartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(33.712)	(5.279.057)
Hækkun (lækkun) rekstrarartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		5.225.210	1.336.299
		<u>5.191.498</u>	<u>(3.942.758)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>18.599.817</u>	<u>4.149.337</u>
Fjárfestingahreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	4	(1.393.191)	(946.715)
Hækkun á handbæru fé		<u>17.206.626</u>	<u>3.202.622</u>
Handbært fé í byrjun ársins		92.174.979	88.972.357
Handbært fé í árslok		<u>109.381.605</u>	<u>92.174.979</u>
Aðrar upplýsingar			
Greiddir vextir		(2.848)	(81.818)
Innborgaðar vaxtatekjur		2.945.739	3.119.355

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar er sjálfseignarstofnun sem starfar á grundvelli laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Starfstöðvar stofnunarinnar eru á Akureyri og Dalvík.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur stofnunarinnar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreikningsins þurfa stjórnendur að taka ákvarðanir, meta og gefa sér forsendur sem hafa áhrif á stöðu eigna, skulda, tekna og gjalda sem og upplýsingar í skýringum á reikningsskiladegi. Við matið er byggt á reynslu, þekkingu og fleiri þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll fyrir stöðu á bókfærðu verði eigna og skulda sem ekki liggar fyrir með öðrum hætti.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi á uppgjörsdegi. Aðrar eignir og skuldir, sem metnar eru á gangvirði í erlendri mynt, eru færðar á því gengi sem var í gildi þegar gangvirði þeirra var ákvarðað. Gengismunur sem þannig myndast er færður í rekstrarreikning.

Skráning tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af sölu á námskeiðum og þjónustu. Tekjur af námskeiðum eru færðar í hlutfalli við stöðu námskeiða á uppgjörsdegi. Tekjur fyrir selda þjónustu eru færðar þegar þær falla til í samræmi við undirliggjandi samninga.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur eru færðar þegar líklegt þykir að stofnunin muni hafa hagrænan ávinning af þeim og unnt er að meta fjárhæð teknanna með áreiðanlegum hætti. Vaxtatekjur eru tekjufærðar miðað við upphaflega ávöxtunarkröfu skuldabréfaeignar og vaxtatekjur vegna bankainnistæðna og viðskiptakrafna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimtu þeirra.

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum uppsöfnuðum afskriftum á uppgjörsdegi.

Afskriftir eru færðar á kerfisbundinn hátt á áætluðum endingartíma eigna að teknu tillits til áætlaðs hrakvirðis. Afskriftaraðferðir, endingartími og áætlað hrakvirði er metið að minnsta kosti árlega.

Hagnaður af sölu varanlegra rekstrarfjármuna og óefnislegra eigna er reiknaður sem mismunur á söluverði og bókfærðu verði og fellur undir aðrar tekjur í rekstrarreikningi. Við sölu varanlegra rekstrarfjármuna sem hafa verið endurmetnir, er endurmatið fært á óráðstafað eigið fé.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

Handbært fé

Handbært fé og ígildi þess er fært í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samkvæmt sjóðstreymi samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnistæðum.

Eigið fé

Stofnfé er endurmetið miðað við breytingu á vísitölu neysluverðs á árinu.

3. Rekstrargjöld

Laun og launatengd gjöld	2017	2016
Laun	73.871.148	70.577.561
Lifeyrisiðgjöld	8.495.540	7.399.247
Önnur launatengd gjöld	7.430.630	7.260.938
Flutt á verkefna- og námskeiðskostnað	(547.214)	(1.483.601)
	89.250.104	83.754.145
Meðalfjöldi starfsmanna	9,34	9,41

Laun og þóknanir til stjórnar og framkvæmdastjóra námu kr. 11 millj. á árinu.

Stofnunin hefur ekki gert neina samninga við starfsmenn eða stjórnendur um lifeyris- eða eftirlaunagreiðslur.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Innréttigar	Áhöld og tæki	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	9.557.211	4.068.040	13.625.251
Viðbót ársins	1.010.212	382.979	1.393.191
Afskriftir	(3.379.667)	(1.068.397)	(4.448.064)
Bókfært verð í árslok	7.187.756	3.382.622	10.570.378
Bókfært verð í árslok 2017 greinist þannig:			
Kostnaðarverð	27.525.509	19.030.833	46.556.342
Afskrifað samtals	(20.337.753)	(15.648.211)	(35.985.964)
Bókfært verð í árslok	7.187.756	3.382.622	10.570.378
Afskriftahlutföll	10% - 20%	20% - 33%	

Skýringar

5. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	31.12 2017	31.12 2016
Viðskiptakröfur	15.759.956	16.084.849
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(1.660.547)	(2.019.152)
	14.099.409	14.065.697

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign stofnunarinnar. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrrí ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakrökum í efnahagsreikningi.

Breyting á niðurfærslu viðskiptakrafna greinist þannig:

Staða í upphafi ársins	2.019.152	1.750.000
Endanleg afskrift tapaðra krafna	608.250	0
Framlag í afskriftareikning	(966.855)	269.152
	1.660.547	2.019.152

6. Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé samtals
Staða í ársbyrjun	2.209.672	90.770.462	92.980.134
Hagnaður ársins		8.960.255	8.960.255
Endurmat stofnfjár	38.227	(38.227)	0
Staða í árslok	2.247.899	99.692.490	101.940.389

7. Aðrar upplýsingar

Leigusamningar

Stofnunin hefur gert leigusamning vegna fasteignarinnar að Þórsstíg 4, Akureyri til 31. mars 2023. Leigugreiðslur samningsins eru verðtryggðar með byggingarvísítölu.